

## Fundargerð

Fimmtudaginn 23. mars 2021 kl. 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.








Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 371 samþykkt.

### 2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN

  371 fundargerð 04 03 2021.docx
 Drög að starfsáætlun EFS 2021.doc
  EFS bréf Árborg sent í feb undirritað.pdf
 Fjárhagsáætlun 2021 .xlsx
 Fjárhagsáætlun 2021-2024 - valin SVF.pdf
 Svarbréf til EFS vegna bréfs 010221.pdf

### 3. Fjárhagsáætlun 2021-2024

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árin 2021-2024. Kafað var ofan í áætlanir nokkurra sveitarfélaga skv. ákvörðun síðasta fundar. M.a. kom til tals sú staða að sveitarfélög hafa ekki heimild til úttektar úr B-hluta félögum þó þau séu með hagnað. Þegar staðan er sú að umtalsverður hluti jákvæðrar afkomu sveitarfélags stafar frá B-hluta stofnun þar sem takmarkanir eru á útdeilingu arðs og A-hlutinn er með tapi þá getur A-hlutinn lent í greiðsluþröng þó A+B hluti sé í góðu lagi. Talin var ástæða til að greina aðeins hvort slíkur vandi sé víða og hvað væri þá hægt, þarf eða eðlilegt að gera til úrbóta.

Ákveðið var að óska eftir að fulltrúar nokkurra sveitarfélaga mæti á fund nefndarinnar til að fá nánari útskýringar á fjárhagsáætlun 2021-2024. Sveitarfélögin sem um ræðir eru eftirfarandi:

Vopnafjörður

Vesturbyggð

Tálknafjörður

Þingeyjarsveit

Einnig var ákveðið að skoða betur stöðu hjá Reykjavík og Reykjanesbæ þegar ársreikningar 2020 liggja fyrir og þá ræða við þau sveitarfélög.

**4. Starfsáætlun 2021**

Lögð var fyrir drög að starfsáætlun 2021. M.a. var rætt um að með tilkomu fjarfunda gæti verið ástæða til tíðari funda með stjórnendum sveitarfélag til að afla upplýsinga umfram innsend skrifleg gögn.

Eftir yfirferð og umræðu nefndarinnar var starfsáætlun 2021 samþykkt.

**5. Árborg**

Umræðu frestað til næsta fundar.

**6. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 15:15